

1100. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 18. september í Kringlunni 7 á 2. hæð, kl. 12:00

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Ármi Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Áður en að formleg fundardagskrá hófst óskaði Helga eftir því að liður 2. í boðaðri fundardagskrá yrði færður fram og yrði byrjað á þeim lið vegna þröngs tímaramma hjá henni. Samþykkt.

1. Skipun í stjórn og varastjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE) til næstu 3ja ára

Ólafía Björk lagði fram skjalið „Minnisblað“ dags. 18.09 2013, sem var minnisblað til stjórnar um tvær mögulegar útfærslur, leið a) og leið b), á skipan í stjórn lífeyrissjóðsins. Þær voru þessar:

„a) Tillaga formanns í stjórn LIVE; að stjórn VR veiti formanni VR fullt umboð til að skipa í stjórn LIVE með sömu rökum og skipunin fór fram síðast, þar að segja að tveir utanaðkomandi stjórnarmenn taki sæti, stjórnarformanns og aðalmanns; Stjórnarformaður (utanaðkomandi), einn aðalamaður (utanaðkomandi) Ásta Rut Jónasdóttir og Birgir Már Guðmundsson. Varamenn Fríður Birna Stefánsdóttir, Páll Líndal, Jóhanna S. Rúnarsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson

b) Tillaga formanns í stjórn LIVE; Ásta Rut Jónasdóttir, stjórnarformaður, Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir og Páll Líndal. Varamenn; Ragnar Þór Ingólfsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir.“

Næst bauð Ólafía Björk fundarmönnum að ræða þessar tvær leiðir a) og b).

Umræður.

Ásta Rut lagði fram eftirfarandi skriflega tillögu sem dreift var til fundarmanna:

“Tillaga

*Þar sem tveir aðalmenn sem tilnefnir voru af stjórn VR í apríl 2013 til setu í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna hafa gengið úr stjórn lífeyrissjóðsins og miða við hefðbundna skilgreingu á hlutverki varamanna þ.e. að þeir taki sæti aðalmanns þegar og ef á þarf að halda þá er lagt til að samþykkja tillögu formanns VR sem send var í pósti 16. september sl. þar sem **aðalmenn** í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna verði eftirfarandi:*

Ásta Rut Jónasdóttir og **Birgir Már Guðmundsson** sem voru tilnefnd til setu í stjórn sjóðsins í apríl 2013 og **Fríður Birna Stefánsdóttir** sem áður (í apríl 2013) var tilnefnd af stjórn VR sem fyrsti varamaður verður nú aðalmaður og **Páll Örn Lindal** sem áður (í apríl 2013) var tilnefndur af stjórn VR sem annar varamaður verður nú aðalmaður.

Jafnframt er lögð til breyting á tillögu formanns VR um nýja **varamenn** í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna. M.v. umræðu á síðasta stjórnarfundum VR þar sem m.a. var lögð áhersla á það að fá utanaðkomandi einstaklinga með reynslu, menntun og hæfni til að taka sæti í stjórn sjóðsins er lagt til að eftirfarandi aðilar verði tilnefndir sem varamenn af VR í stjórn lífeyrissjóðsins.

Benedikt Vilhjálmsson – Fálkanum. Hefur mikla reynslu og þekkingu á Lífeyrissjóði Verslunarmanna og hefur lokið og staðist hæfismat FME.

Heiða Jóna Hauksdóttir - er 49 ára með BA próf í fjölmiðlafræði og hefur lokið meistaranámi í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðaviðskipti. Hún starfaði á 10. áratug sl. aldar sem aðalbókari, fjárreiðu- og skrifstofustjóri hjá Bakkavör hf., Sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá SP ráðgjöf hf. Fjármálastjóri hjá Humac - Apple á Íslandi og starfar nú sem deildarstjóri bókhalds Accounting hjá Eimskip Íslandi.

Ívar Grétarsson - er 33 ára, með BA próf í Hagfræði og hefur lokið meistaranámi í bæði hagfræði og fjármálum. Hann hefur starfað sem sérfræðingur í eftirlitsdeild Skattstjórans í Reykjavík, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti m.a. lífeyrissjóða hjá Fjármálaeftirlitinu. Nú í ágúst hóf Ívar störf sem Financial Analyst hjá CCP.

Jóhann Halldórsson – er 45 ára með meistaraþáttu í fjármálum og próf í verðbréfavíðskiptum. Starfaði hjá Landsbankanum við útlánaeftirlit sem tilheyrir áhættustýringu bankans. Til ársins 2005 var hann forstöðumaður innra eftirliti Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Það er von mín og trú að eftir atkvæðagreiðslu varðandi þetta málefni að stjórnarmenn sameinist að baki þeirri ákvörðun sem tekin verður.

Ofangreind tillaga lögð fyrir stjórn VR þann 18. September 2013.”

Umræður.

Í umræðum kom fram í máli Jóhönnu S. að hún hafi ekki áhuga á að taka sæti í stjórn lífeyrissjóðsins en gert var ráð fyrir henni í báðum tillögum Ólafíu Bjarkar.

Rannveig lagði fram breytingartillögu við tillögur Ólafíu Bjarkar sem var þannig upphaflega:

„Breytingartillaga

að stjórn VR veiti formanni VR umboð til að skipa í stjórn LIVE, að einn utanaðkomandi stjórnarmaður taki sæti í Stjórn LIVE ásamt Ástu Rut Jónasdóttur og Birgi Má Guðmundssyni og Fríði Birnu Stefánsdóttur. Varamenn verði Páll Lindal, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ragnar Þór og Helga Ingólfssdóttir

Stjórn samþykki tilnefninguna

Reykjavík 18. September 2013“

Í ljósi þess að Jóhanna S. óskaði ekki eftir að taka sæti í stjórninni ákvað Rannveig að leggja fram þessa breytingartillögu þannig að í stað nafns Jóhönnu S. kæmi nafnið Benóný Valur Jakobsson og var hún þannig lögð fram.

Umræður.

Fríður Birna stakk uppá því að greidd yrðu atkvæði um fram komnar tillögur og að umræðum yrði hætt.

Þar sem tíminn var nú orðinn naumur stakk Ólafía Björk uppá því að fundurinn yrði framlengdur fram til kl. 13:30. Samþykkt.

Ragnar Þór vék af fundi kl. 12:51

Ólafía Björk dró nú tillögur sínar tilbaka og þar með féll niður breytingartillaga Rannveigar við þær tillögur en Ólafía stakk uppá að kosið yrði um tillögu Ástu Rutar. Óskað var eftir að atkvæðagreiðsla væri leynileg og var það samþykkt.

Fór næst atkvæðagreiðslan fram og urðu úrslit þau að tillaga Ástu Rutar var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 4.

2. Skipun 4ra manna nefndar til að vinna tillögur að vinnureglum við val á fulltrúum VR í stjórn- og varastjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, (LIVE)

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað*“ dags. 18.09 2013 þar sem eftirfarandi tillaga er gerð:

“Skipun 4ra manna nefndar til að vinna tillögur að vinnureglum við val á fulltrúum VR í stjórn- og varastjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE) og skila af sér niðurstöðu til stjórnar VR eigi síðar en 13. nóvember nk.

Eftirtaldir nefndarmenn; Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson og Helga Ingólfssdóttir.”

Umræður.

Eftir umræður lagði Ólafía Björk fram tillögu að breytingu þannig að í stað orðanna „*13. nóvember nk.*“ komi orðin „*fyrir aðalfund VR 2014*“.

Bar hún svo tillögunu upp með áorðinni breytingu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:20

Árni Leósson, fundarritari